



Aðdráttarafli sveitarfélaga: Verkfærakista

Háskólinn á Bifröst

Rannsóknasetur í byggða- og sveitarstjórnarmálum

Skýrsla RBS



HÁSKÓLINN
Á BIFRÖST

ÁGÚST 2023

ISSN: 2988-8476

Bjarki Þór Grönfeldt

Vífill Karlsson

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	2
Formáli	5
Íslenskar rannsóknir	6
Alvdal í Noregi: Byggt á frumkvöðlaanda	9
Stutt lýsing.....	9
Stefnumótun um aukið aðdráttarafl.....	9
Frumkvöðlaandi.....	9
Stefnumótun til langs tíma	9
Samstarf við atvinnulíf.....	10
Símenntun	10
Samantekt	10
Borgundarhólmur í Danmörku: Sjálfbærni sem aðdráttarafl.....	11
Stutt lýsing.....	11
Stefnumótun um aukið aðdráttarafl.....	11
Eyjan bjarta og græna.....	11
Fundur fólksins – <i>Folkemødet</i> – kom Borgundarhólmi á kortið	12
Aðlaðandi staður fyrir viðskiptaþróun og frumkvöðlastarfsemi	12
Lífsgæði, sækera matvælaframleiðsla og ferðaþjónusta byggð á upplifun.....	12
Samantekt	13
Hjörning í Danmörku: Byggt á því sem þegar er gott	14
Stutt lýsing.....	14
Stefnumótun um aukið aðdráttarafl.....	14
Aðdráttarafl fyrir íbúa sem sækja vinnu út fyrir sveitarfélagið	14
„Mannstu eftir Hjörning?“ – unga fólkið heim	14
Samantekt	15
Inari í Finnlandi: Aðdráttarafl á norðurskautinu	16
Stutt lýsing.....	16
Stefnumótun um aukið aðdráttarafl.....	16
Sérhæfing í kuldataekni.....	16
Áfangastaður ferðamanna.....	16
Samstarf kvenkyns frumkvöðla.....	17
Lífsgæði í ósnortinni náttúru, öryggi og afþreyingu.....	17
Samantekt	17

Jomala á Álandseyjum: Skilvirk stjórnsýsla sem aðdráttarafl.....	18
Stutt lýsing.....	18
Stefnumótun um aukið aðdráttarafl.....	18
Skilvirk stjórnsýsla.....	18
Fjarvinna og frjálslyndi	18
Samantekt	19
Klaksvík í Færeyjum: Vaxtaráætlun mótuð af almenningi	20
Stutt lýsing.....	20
Stefnumótun um aukið aðdráttarafl.....	20
Vaxtaráætlun mótuð af almenningi.....	20
Reynsluhagkerfið	20
Unga fólkið heim.....	21
Átak í leiguhúsnæði og minni eignir	21
Samantekt	21
Lebesby í Noregi: Íbúafrumkvæði og sveigjanlegt framhaldsskólanám.....	22
Stutt lýsing	22
Stefnumótun um aukið aðdráttarafl.....	22
Frumkvæði íbúa að samfélagsverkefnum	22
LOSA módelið um framhaldsskólamenntun	22
Samantekt	23
Närpes í Finnlandi: Inngilding og grænn vöxtur.....	24
Stutt lýsing.....	24
Stefnumótun um aukið aðdráttarafl.....	24
Gott framboð á sveigjanlegu námi	24
Närpes-módelið um inngildinguna innflytjenda.....	25
Sérhæfing í ylrækt	25
Samantekt	25
Pietå í Svíþjóð: Aðgerðir til að laða ungt fólk aftur heim	26
Stutt lýsing.....	26
Stefnumótun um aukið aðdráttarafl.....	26
Ungt fólk laðað aftur heim.....	26
Sterkur staðarandi	26
Samantekt	27
Vágur í Færeyjum: Breytt ímynd	28
Stutt lýsing.....	28
Stefnumótun um aukið aðdráttarafl.....	28

Aukið aðdráttarafll með bættri ímynd og betri staðaranda.....	28
Stofnun íþróttalýðháskóla	29
Samantekt	29
Samantekt	30
Heimildir.....	31

Formáli

Markmiðið með þessari skýrslu er að taka saman atriði úr ítarlegri skýrslu sem Nordregio gaf út árið 2020 (Nordregio, 2020). Skýrslan er unnin að beiðni Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi og fjármögnuð af Sóknaráætlun Vesturlands. Samantektin á að vera eins konar verkfærakista sem sveitarstjórnarmenn og aðrir sem hafa áhuga á atvinnu- og samfélagsþróun í minni samfélögum geta leitað í og fundið atriði sem gætu gagnast á þeirra heimasvæði til að auka **aðdráttarafl sveitarfélaga**. Aðdráttarafl er skilgreint sem staðbundnir þættir sem gera svæði að eftirsóttum búsetuvalkostum (Niedomysl, 2010). Aðdráttarafl er gjarnan falið í skynvirði staðar (enska: amenity value), það eru gæði sem auka velferð og ánægju íbúa án þess að beinlínis greitt sé markaðsvirði fyrir, svo sem náttúrugæði, ókeypis þjónusta, félagslíf og menning (Vífill Karlsson og Kolfinna Jóhannesdóttir, 2010). Í skýrslu Nordregio eru tekin fyrir 14 sveitarfélög og leitast er við að draga fram þau atriði sem geti hvað best nýst íslenskum sveitarfélögum í sinni vinnu við það að auka aðdráttarafl. Þar sem ætlunin með þessari verkfærakistu er að læra af öðrum löndum er ekki fjallað um þau tvö íslensk sveitarfélög sem fjallað var um í skýrslu Nordregio, það er Fljótsdalshérað og Árborg. Þess má þó geta að þessi sveitarfélög vöktu athygli rannsakenda Nordregio fyrir góða þjónustu við íbúa og gott framboð á lóðum. Tveimur öðrum sveitarfélögum er sleppt, Oskarshamn í Svíþjóð og Avannaata á Grænlandi þar sem ekki var augljóst hver tengingin við íslenskar aðstæður gæti verið. Áður en farið er í samantekt á skýrslu Nordregio er stutt yfirlit yfir íslenskar rannsóknir á sviði aðdráttarafls sveitarfélaga.

Íslenskar rannsóknir

Fólk sækist eftir ólíkum hlutum þegar það velur sér búsetu. Það getur verið af ýmsum ástæðum eins og vegna aldurs, kyns eða uppruna en einnig einfaldlega vegna ólíks smekks, viðhorfa, lífstíls eða trúar, svo dæmi séu tekin. Að sama skapi má líka segja að staðir séu ólíkir að grunngerð og hafi því ólíkar forsendur til að draga að sér eða halda í íbúa. Í nýlegum íslenskum rannsóknum (Vífill Karlsson, 2021; Vífill Karlsson og Bjarki Þór Grönfeldt, 2023) hefur komið fram að af 40 ólíkum búsetuskilyrðum séu eingöngu fáein þeirra einskona samkeppnisforskot staða af tiltekinni gerð. Staðir voru flokkaðir í fernt: Fjölmennir, fámennir, miðlægir og fjarlægir (þ.e. einangraðir frá stærri þéttbýliskjörnum).

Tafla 1. Flokkun staða

	Miðlægur (innan við 60 km frá Reykjavík eða Akureyri)	Hvorki miðlægur né fjarlægur	Fjarlægur (meira en 200 km frá Reykjavík eða Akureyri)
Fjölmennur (fleiri en 2.500 íbúar)	Dæmi: Allir staðir á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri, Akranes, Selfoss, Hveragerði, Þorlákshöfn, Keflavík og Grindavík.	Dæmi: Húsavík og Sauðárkrókur.	Dæmi: Ísafjörður, Vestmannaeyjar, Sauðárkrókur, Höfn, Egilsstaðir, Neskaupsstaður, Eskifjörður, Húsavík og Reyðarfjörður.
Hvorki fjölmennur né fámennur	Dæmi: Vogar á Vatnsleysuströnd.	Dæmi: Borgarnes, Hella, Hvolsvöllur.	Dæmi: Ólafsvík, Grundarfjörður, Stykkishólmur, Vík í Mýrdal.
Fámennur (færri en 500 íbúar)	Dæmi: Melahverfi, Hrafnagil í Eyjafirði, Svalbarðseyri og Lónsbakki.	Dæmi: Hvanneyri, Reykholt, Bifröst.	Dæmi: Búðardalur, Hellissandur, Rif, Drangsnæs, Norðurfjörður á Ströndum, Bakkafjörður, Kirkjubæjarklaustur og fjarlæg dreifbýli eins og Árneshreppur á ströndum.

Þessar rannsóknir sýndu að fámennir og fjarlægir staðir höfðu sérstaklega til fólks sem leggur mikið upp úr aðgengi að fjölbreyttri náttúru og náttúrukyrrð eða kyrrð almennt. Það má því á vissan hátt segja að fámennir og fjarlægir

staðir hafi samkeppnisforskot í þessum tveimur þáttum og geti því laðað sérstaklega að sér fólk sem hefur áhuga á umhverfismálum og vill vera nálægt óspilltri náttúru.

Á þennan hátt má því segja að fjölmennir og nálægir staðir hafi samkeppnisforskot í gæðum leikskóla, grunnskóla og unglingastarfs þegar kemur að samkeppni um barnafólk eða fjölskyldur.

Samkeppnisstaða fjölmennra og fjarlæggra staða lá í þáttum eins og menningu, tónlistarskólum, bókasöfnum og þjónustu við innflytjendur og fatlaða. Þar liggur því samkeppnisforskot hvað varðar tiltekna hópa sem sveitarfélög geta nýtt í markaðssetningu.

Allir fjölmennir staðir, óháð því hvort þeir voru nálægir eða fjarlægir, höfðu tækifæri til að nýta íþrótta- og tómstundastarf sem sitt samkeppnisforskot, auk gæða framhaldsskóla og háskóla.

Allir fjarlægir staðir óháð stærð höfðu samkeppnisforskot í það sem kallað var gott mannlíf og almennt öryggi.

Að lokum hefur nýlega komið í ljós að allir fámennir staðir, óháð því hvort þeir voru nálægir eða fjarlægir, höfðu samkeppnisforskot í þáttum sem tengjast umhverfismálum almennt en sérstaklega hvað varðar loftgæði, ásýnd bæja og sveita ásamt almennt umgengni.

Samfélög geta byggt á þessari greiningu hér að ofan til að velja sér áherslur í verkefnum sem líkleg eru til árangurs. Vont er ef fámenn byggðarlög leggja mikla peninga í áhersluverkefni sem auka ekki möguleika á að draga að nýja íbúa – a.m.k. ef það er tilgangurinn með verkefninu. Að sama skapi er mjög slæmt að fara af stað með verkefni sem grafa undan samkeppnisforskoti sveitarfélaga. Það gæti til dæmis orkað tvímælis fyrir fámenn og fjarlægt sveitarfélag að hefja uppbyggingu óumhverfisvæns verkefnis af einhverju tagi.

Af ofangreindu má til dæmis ráða að til að trekkja að nýja íbúa ættu Hvanneyri eða Melahverfi ekki að leggja ofuráherslu á uppbyggingu knattspyrnuhúss, heldur á ásýnd bæjarins og allt sem viðheldur tengingu við óspillta náttúru og umhverfisvænar lausnir. Nýtt knattspyrnuhús myndi skila Borgarnesi fleiri íbúum til lengri tíma litið og sérstaklega Akranesi (ef það væri ekki þegar til staðar). Loftgæði og umhverfisvænar lausnir gerðu minna fyrir þau samfélög en Hvanneyri og Melahverfi. Það má samt fullyrða hér að umhverfisvænar lausnir og nálægð við óspillta náttúru myndu gera hlutfallslega meira fyrir Borgarnes en Akranes þar sem Borgarnes er lengra frá Reykjavík og fámennara. Og hlutfallslega enn meira fyrir Ólafsvík en Borgarnes þar sem hún er bæði lengra frá Reykjavík en Borgarnes og fámennari. Það má því segja að þetta sé nokkurs konar kvarði: Þeim mun lengra frá Reykjavík, þeim mun meira máli skiptir nálægðin við óspillta náttúru fyrir samfélögin í þeirri viðleitni að auka aðdráttarafi sitt gagnvart líklegum nýjum íbúum. Fjölskyldu- og barnvæn þjónusta gerir meira fyrir samfélög því nærri Reykjavík (eða Akureyri) sem þau eru. Þeim mun fámennari sem samfélögin eru þeim mun meira gera umhverfisvænar lausnir.

Af þessu má ráða að þróunaráætlun sem hefði það að markmiði að fjölga íbúum ætti leggja mest upp úr góðri þjónustu við barnafjölskyldur á Akranesi, nálægð við óspillta náttúru og trúverðuga stefnu í umhverfismálum á meðan Stykkishólmsbær og mögulega Borgarbyggð væri þarna mitt á milli. Innan hvers sveitarfélags gæti stefnan

orðið breytileg ef samfélög innan þess eru ólík með tilliti til flokkunarkerfisins að ofan, eins og til dæmis í Borgarbyggð þar sem er að finna fámenna þéttbýlisstaði eins og Hvanneyri og Reykholt, þéttbýlisstað eins og Borgarnes sem er hvorki fámennur né fjölmennur, og svo hreint dreifbýli.

Alvdal í Noregi: Byggt á frumkvöðlaanda

Stutt lýsing

Alvdal er landfræðilega stórt (942 km²) en fámennt sveitarfélag (2.420 íbúar) í mið-Noregi. Það er vel tengt öðrum landslutum með þjóðvegi (Riksvei 3) og lestarsamgöngum til Oslóar og er hluti af stærra atvinnusvæði. Sveitarfélagið er í mikilli samvinnu við nágrennasveitarfélög um sérfræðiþjónustu, rafrænar lausnir í stjórnsýslu, barnavernd, félagsþjónustu o.s.frv. Þar er mikið inn- og útlæði íbúa, en íbúabróun helst samt jákvæð. Einn stór vinnuveitandi er í sveitarfélaginu; mjólkurframleiðslufyrirtæki Synnøve Finden AS með um 120 starfsmenn. Meirihluti karla starfar í frumvinnslu- og þjónustugreinum tengdum því og meirihluti kvenna vinnur í opinbera geiranum. Karlar eru mun líklegri en konur til að vera með menntun tengda störfunum (t.d. rafvirkjar, verkfræðingar, búfræðingar). Konur sem eru með háskólamenntun sækja flestar vinnu í nágrennasveitarfélögum. Það eru hinsvegar margar stoðir undir vinnumarkaðnum (skýrt betur frá á eftir) sem viðmælendum þykja vera aðal áhrifaþáttur þess að fólksfjöldi hefur haldist stöðugur og forsenda þess að Alvdal er aðlaðandi sveitarfélag.



Stefnumótun um aukið aðdráttarafi

Frumkvöðlaandi

Sveitarfélagið á hlut í þróunarfélagi sem rekur frumkvöðlaskóla/nýsköpunarakademíu í sveitarfélaginu. Viðmælendur eru sammála um að þetta sé mikilvægasti liðurinn í byggðastefnunni. Fyrirtækin þrjú sem tekin eru dæmi um hér að framan sýna fram á mikilvægi þess að hafa nýsköpun og þróun í framþróun sem leiðarstef lítilla samfélaga eins og Alvdal. Viðmælendur sögðu að það hefði alltaf verið fyrir hendi frumkvöðlaandi í Alvdal sem gerði það að verkum að samfélagið væri mjög fljótt að aðlagast breytingum og tilbúið með lausnir á vandamálum áður en þau yrðu of stór. Lykilatriði í því væri geta íbúa til þess að aðlagast nýju umhverfi og sérhæfa sig í tilteknum greinum (hér samgöngum, matvælaframleiðslu). Atvinnuleysi væri því varla til á svæðinu og hlutfall starfa í einkageiranum sé hærra en á nærliggjandi svæðum. Þar að auki séu börn og ungt fólk hvött til að tileinka sér frumkvöðlahugsun og nýsköpun frá unga aldri, en menntaskólinn á svæðinu tekur á hverju ári þátt í nýsköpunarkeppni. Nokkur nýsköpunarfyrirtæki starfa í Alvdal en stefnan er að laða sem flesta að sveitarfélaginu.

Stefnumótun til langs tíma

Forsjálni er leiðarstef í allri stefnumótun í Alvdal. Sveitarfélagið er með „business development plan“ sem er þróað með fyrirtækjum í sveitarfélaginu. Í því felst meðal annars skipulagsvinna, fjárfesting í innviðum, að sjá

væntanlegum fjárfestum/fyrirtækjum fyrir lóðum o.s.frv. Þá lítur sveitarfélagið á það sem sitt hlutverk að sjá stórum vinnuveitendum á svæðinu fyrir menntuðu starfsfólki og að hafa yfirsýn yfir hversu margt starfsfólk, og með hvaða menntun, muni þurfa í framtíðinni. Þetta er meðal annars gert með því að laða ungt fólk að svæðinu með því að bjóða upp á starfsnám hjá fyrirtækjum. Sveitarfélagið hefur milligöngu um að auglýsa stöður starfsnema og sér um utanamhald. Þá er lagt mikið upp úr því að aðgengi íbúa og fyrirtækja að stjórnsýslunni sé gott og skilvirkt.

Samstarf við atvinnulíf

Alvdal hefur nýtt tækifærin sem felast í því að vera í alfaraleið og mikil sérhæfing er fyrir hendi tengd samgöngum. Gjermundshaug AS, gamalgróið fjölskyldufyrirtæki, veitir verktökum og byggingafyrirtækjum alhliðþjónustu. Hjá fyrirtækinu vinnur starfsfólk á öllum stigum framleiðsluferlisins. Fyrirtækið hefur spilað stóra rullu í því að hækka menntunarstig á svæðinu og laða að nýja íbúa með því að bjóða upp á starfsnám fyrir ungt fólk og símenntun fyrir starfsfólk. Þá er Espeland Transport AS flutningsfyrirtæki starfrækt meðfram Vegi 3 milli Oslóar og Þrándheims. Í kringum hundrað manns vinna hjá fyrirtækinu í Alvdal, þar af 88 bílstjórar á vörubílum. Vegna sjálfvirknivæðingar hefur störfum fækkað hjá þessum fyrirtækjum. Því hefur fyrirtækið Synnøve Finden AS lagt áherslu á að ráða til sín fólk sem hefur misst vinnuna hjá öðrum fyrirtækjum til að nýta þekkingu þeirra á svæðinu og „know-how“.

Símenntun

Stærstu vinnuveitendur svæðisins bjóða upp á símenntun fyrir sitt starfsfólk. Synnøve Finden býður upp á símenntun fyrir ófaglært starfsfólk á sviðum þar sem fyrirtækið vantar sérhæft vinnuafli (t.d. vélstjórnun, matvælaframleiðsla o.s.frv.). Þetta prógramm er tiltölulega ódýrt og skilar fyrirtækinu miklu öryggi í sínum rekstri – og starfsfólkið fær skírteini og námsgráðu. Framhaldsskólinn á svæðinu leggur áherslu á búfræði, og sér fyrirtækjunum því fyrir menntuðu vinnuafli. Fullorðið fólk getur einnig sótt þann skóla.

Samantekt

Sú frumkvöðlahugsun og mikla nýsköpun sem stunduð er í Alvdal eru máttarstólpar aðdráttarafls sveitarfélagsins. Viðmælendur tóku sérstaklega fram að tekið væri vel í nýjar hugmyndir í Alvdal sem sé aflvaki framþróunar. Þá er fyrirséð að ekki verði skortur á sérhæfðu starfsfólki í framtíðinni vegna náins samstarfs sveitarfélags, fyrirtækja og framhaldsskóla um starfsnám og símenntun. Alvdal er í alfaraleið sem hefur tryggt góðar samgöngur til stærri borga þrátt fyrir miklar fjarlægðir. Nálægð við náttúruna og hæglatara líf hefur einnig laðað fólk að svæðinu.

Borgundarhólmur í Danmörku: Sjálfbærni sem aðdráttarafl

Stutt lýsing

Borgundarhólmur er dönsk eyja í Eystrasalti. Þar búa um 40.000 íbúar á 588 km² svæði, tveir þriðju íbúa búa í þéttbýli og einn þriðji í dreifbýli.

Skipsferðir og flug eru einu samgönguæðarnar til eyjunnar, sem gerir

hana einangraðri en flest önnur dönsk sveitarfélög. Enginn háskóli er á svæðinu svo flest ungt fólk flytur í burtu og allur gangur er á því hvort það komi aftur. Nokkur fækkun hefur orðið á íbúum Borgundarhólms en þróunin virðist hafa náð jafnvægi og er íbúafjöldi nú stöðugur. Hinsvegar er stór áskorun hvað íbúarnir eldast hratt og hlutfall ungs fólks er lágt. Tækifæri liggja þó í staðsetningunni sem er mitt á milli Svíþjóðar, Þýskalands og Póllands.

Helstu atvinnugreinar hafa í gegnum tíðina verið ýmsar framleiðslugreinar, þá helst fiskveiðar, landbúnaður og vinnuvélaframleiðsla. Hrun fiskistofna í Eystrasalti á 10. áratugnum hafði mjög neikvæð áhrif á vinnumarkaðinn auk þess sem störfum í menntageiranum og ýmis konar þjónustu fækkaði vegna fólksfækkunar. Viðsnúningur náðist þó um áratug seinna eftir að fleiri stoðir höfðu verið settar undir atvinnulífið. Nýlega hafa listir og handverk spilað aukið hlutverk en túrisminn hefur hafið innreið sína og er nú helsti atvinnuvegurinn. Borgundarhólmur stendur nú sterkar að velli efnahagslega en sambærileg sveitarfélög sem eru fjarri stærri borgum. Helsta áskorun sveitarfélagsins er skortur á menntuðu vinnuafl, en menntunarstig er lægra á Borgundarhólmi en gengur og gerist í Danmörku. Lögð hefur verið áhersla á að skjóta styrkari stoðum undir þá atvinnuvegi sem ganga vel og hugað að vaxtarmöguleikum þeirra. Því er ekki markmið yfirvalda að laða að nýja stóra vinnustaði, heldur að nýta einkenni eyjunnar sem sérstakt aðdráttarafl, en þau helstu eru náttúrufegurð, saga og menning, ásamt því að sérstök áhersla er á sjálfbærni.

Stefnumótun um aukið aðdráttarafl

Eyjan bjarta og græna

Frá árinu 2008 hefur verið í gildi sýn, sem nær utan um ákveðin kjörorð og gildi fyrir Borgundarhólm, undir nafninu „Eyjan bjarta og græna“ (The Bright Green Island). Sýnin stendur á fjórum samofnum stoðum: Sjálfbært atvinnulíf, há lífsgæði, græn tækni og náttúrumiðuð ferðaþjónusta. Sýnin var afrakstur borgarafunda sem haldnir voru um framtíð Borgundarhólms, en það var vilji íbúa að svæðið yrði eins sjálfbært og mögulegt væri og að sú sérstaða yrði nýtt í markaðssetningu. Afraksturinn er þó ekki aðeins aukin umhverfisvernd og góð markaðssetning, heldur er mikilvægur hluti í sýninni um Eyjuna björtu og grænu að Borgundarhólmur sé sjálfum sér nógur og þurfi ekki að reiða sig á aðföng frá meginlandinu frekar en nauðsynlegt sé. Ákveðin sjálfstæðisstefna er því samofin sýninni þar sem öll orka og heitt vatn er framleitt á Borgundarhólmi og sem mest af matvælum sem neytt er ásamt því að lögð er áhersla á að sjálfbærnin nýtist til þess að auka lífsgæði íbúa og hag fyrirtækja auk þess að ýta undir græna



nýsköpun og ferðapjónustu. Mælikvarðar benda til þess að þessi markmið hafi náðst. Að mörgu leyti virðist sjálfsmynd Borgundarhólmsbúa hafa umbreytt og snýst nú um gildin sem sett voru fram í sýninni um Eyjuna björtu og grænu. Er Eyjan bjarta og græna því gott dæmi um hugmynd sem nýtist bæði í innri og ytri ímyndarvinnu.

Til langs tíma litið er vonast til þess að þessi stefnumótun muni skapa þá ímynd að Borgundarhólmur sé samkeppnishæfur um fólk í fjarvinnu, sem vinni að viðskiptahugmyndum sem hægt sé að vinna að óháð staðsetningu.

Fundur fólksins – Folkemødet – kom Borgundarhólmi á kortið

Yfirvöld á Borgundarhólmi ákváðu að fara þá leið að treysta á almannaróm í markaðssetningu – það er að gott orðspor staðarins myndi berast manna á milli. Til þess að fá þann snjóbolta til að rúlla var sú stefna tekin að setja á fót árlegan viðburð sem laðaði að sem flesta gesti – sem síðan færu heim með góða reynslu af eyjunni í farteskinu. Niðurstaðan var að stofnsetja *Fund fólksins* að sænskri fyrirmynd, hátíð sem er ætlað að færa saman stjórnámálamenn og almenning til þess að ræða um málefni samfélagsins. Allt að 100.000 manns sækja nú fundinn á hverju ári. Fundurinn tryggir jafnframt að kastljósi fjölmiðla sé beint að Borgundarhólmi einu sinni á ári. Fréttirnar sem sagðar voru af Borgundarhólmi eftir að Fundi fólksins var komið á færðust frá því að fjalla um hnignun og fólksfækkun yfir í jákvæðar fréttir um lýðræði, sjálfbærni og nýsköpun sem sendu þau skilaboð að „eitthvað væri að gerast á Borgundarhólmi“. Þetta hefur einnig gert það að verkum að Borgundarhólmur laðar nú að fjölbreyttari hópa ferðamanna en áður, sem hafa áhuga á grænni orkuframleiðslu, matvælaframleiðslu og byggðapróun.

Aðlaðandi staður fyrir viðskiptapróun og frumkvöðlastarfsemi

Eins og fyrr sagði er stefna Borgundarhólms að styrkja þau fyrirtæki sem eru þegar starfandi á svæðinu. Sveitarfélagið rekur Business Centre Bornholm sem veitir fyrirtækjum og áhugasömum um fyrirtækjarekstur ráðgjöf, hjálpar við tengslamyndun og heldur viðburði í því skyni. Áhersla er lögð á að hjálpa fyrirtækjum að vinna eftir sýninni um Eyjuna björtu og grænu og vinna að þeim markmiðum að Borgundarhólmur verði aðlaðandi staður á sviði viðskipta, menntunar, sjálfbærrar þróunar og ekki síst staður þar sem hægt er að gera tilraunir á þessum sviðum. Unnið er að þessum verkefnum með menntaskólum á svæðinu en vonir standa til að háskólar fái til að vera með sterkari viðveru á Borgundarhólmi til að styðja við rannsóknir og þróun á svæðinu.

Litið er svo á að í framtíðinni verði frumkvöðlar og sjálfstætt starfandi (free-lance) mikilvægir í atvinnulífinu á svæðinu. Stutt er sérstaklega við frumkvöðla á svæðinu með ódýrri aðstöðu og ráðgjöf á vegum Business Centre Bornholm.

Lífsgæði, sælkeru matvælaframleiðsla og ferðapjónusta byggð á upplifun

Hefðbundinn landbúnaður er enn ein helsta burðarstoð atvinnulífs á Borgundarhólmi en lögð hefur verið áhersla á að styðja bændur til þess að færa framleiðslu sína í átt að lífrænni framleiðslu og því sem mætti kalla sælkeravöru beint frá býli. Markaðssetning á lífrænum vörum frá Borgundarhólmi hefur gengið vel en til að styðja enn betur við

minni aðila í landbúnaði kaupir sveitarfélagið vörur þeirra og notar í mötuneytum skóla, dvalarheimila, spítala og á skrifstofum sveitarfélagsins. Þá stofnaði sveitarfélagið matvælaklasa þar sem framleiðendur og sveitarfélagið vinna að þróun, framleiðslu og markaðssetningu. Í samræmi við þetta er það stefna Borgundarhólms að bjóða upp á einstaka upplifun fyrir ferðamenn frekar en að stíla á fjöldatúrisma. Hluti af upplifuninni er að heimamenn selji ferðamönnum vörur, þjónustu og matvöru sem framleidd er á svæðinu. Fjöldi ferðamanna sveiflast mikið eftir árstíðum og því er enn verk að vinna í því að laða að ferðamenn yfir veturinn. Síðast en ekki síst hefur Borgundarhólmur lagt áherslu á lífsgæðin sem felast í góðri þjónustu við barnafjölskyldur, íþrótta- og tómstundastarfi og auðveldum samgöngum á eyjunni. Hæglætislífstíllinn er einn af sölupunktum Borgundarhólms.

Samantekt

Borgundarhólmur sker sig frá ýmsum öðrum sveitarfélögum sem tekin eru fyrir í þessari skýrslu að því leyti til að um er að ræða eyju, svo samgöngur við stærri þéttbýlisstaði verða alltaf torsóttari í samanburði við meginlandið. Aðlaðandi störf þurfa því að vera fyrir hendi á svæðinu. Með það fyrir augum hefur Borgundarhólmur skapað sérstöðu og nýtt sjálfbæra þróun til að auka aðdráttarafli sitt. Vörumerkið Borgundarhólmur er nú nátengt sjálfbærni, tærleika og gæðum. Eyjan bjarta og græna og Fundur fólksins hafa einnig vakið athygli á Borgundarhólmi í fjölmiðlum sem framsæknum og spennandi stað. Ekki síst hefur slíkt framtak bætt sjálfsmýnd Borgundarhólmsbúa og skapað bjartsýni.

Hjörning í Danmörku: Byggt á því sem þegar er gott

Stutt lýsing

Hjörning er staðsett á eyjunni Vendsyssel-Thy á norðanverðu Jótlandi. Af um 65.000 íbúum búa langflestir í samnefndum bæ (25.000) og restin dreifist á marga minni bæi, þorp og dreifbýli á svæði sem er 930 km². Álaborg er í 40 mínútna fjarlægð frá Hjörning en þrátt fyrir að lengra sé til annarra stærri borga þá eru samgöngur á sjó góðar og hægt er að komast til Oslóar, Gautaborgar, Hamborgar og Kaupmannahafnar á innan við fimm tímum. Hefðbundnum framleiðslustörfum, eins og í landbúnaði, sjávarútvegi og iðnaði, hefur fækkað. Fólksfækkun hefur verið á svæðinu og mest meðal ungs fólks. Hlutfall eldra fólks er hátt. Hjörning hefur skilgreint það sem forgangsatíði að ná ungu fólki til baka með aðgerðum til að auka aðdráttarafl sveitarfélagsins.



Stefnumótun um aukið aðdráttarafl

Aðdráttarafl fyrir íbúa sem sækja vinnu út fyrir sveitarfélagið

Atvinnulífið í Hjörning er nokkuð fábreytt og fólk með sérfræðimenntun sækir gjarnan vinnu út fyrir sveitarfélagið, til dæmis til Álaborgar. Þó það væri ákjósanlegt að meira framboð væri af slíkum störfum í Hjörning hefur sveitarfélagið horfst í augu við að ólíklegt sé að slíkum störfum fjölgi mikið á svæðinu í náninni framtíð. Hinsvegar býr á svæðinu þó nokkuð af fólki sem hefur sérfræðimenntun og sækir vinnu út fyrir sveitarfélagið. Því hefur stefnan frekar verið sett á að bjóða þessu fólki upp á mikil lífsgæði sem fengjust ekki í stærri bæjum eða borgum. Nálægðin við Álaborg gerir það að verkum að íbúar geta auðveldlega sótt vinnu þangað og búið í Hjörning þar sem er viðráðanlega húsnæðisverð, góð þjónusta við barnafjölskyldur (t.d. engir biðlistar á leikskóla) og nálægð við náttúruna. Þetta hefur verið kallað „best of both worlds“: Lífsgæðin sem fylgja dreifbýli en einnig atvinnumöguleikarnir sem fylgja borgum. Stefnumótunin hefur falist í því að styrkja það sem þegar gengur vel í sveitarfélaginu og auglýsa það svo út á við. Þetta á við um þjónustu við barnafjölskyldur, sem fyrr segir, en einnig virðið í náttúrunni, stuttar vegalengdir innan sveitarfélagsins, öryggi, friðsæld, útivistarmöguleika og streituminna líf en gjarnan er í stórborgum. Sérstaklega er lagt upp úr snyrtileika og góðri umhirðu náttúrunnar til að halda í við þessa sérstöðu.

„Mannstu eftir Hjörning?“ – unga fólkið heim

Farið var í sérstaka herferð á samfélagsmiðlum – „Husker du Hjörning?“ eða „Mannstu eftir Hjörning?“ – sem var stíluð á ungt fólk sem ólst upp í Hjörning en flutti burt til að mennta sig eða til að sækja vinnu. Sveitarfélagið taldi

mikilvægt að tala til fólks á milli tvítugs og þrítugs þar sem fólk á því aldursbili er líklegast til þess að stofna fjölskyldur. Fyrirtæki á svæðinu og sveitarfélagið standa saman að þessari herferð sem á að standa yfir í þrjú ár.

Samantekt

Yfirvöld í Hjörning hafa ákveðið að einblína á það sem er þegar gott og gera það enn betur frekar en að ráðast í stórar breytingar eða ný verkefni. Sem dæmi hefur Hjörning nýtt sér þá stöðu að búa yfir náttúrufegurð, útvistarmöguleikum, kyrrð og ró en jafnframt vera hluti af atvinnusvæði Álaborgar. Lögð hefur verið áhersla á góða þjónustu við barnafjölskyldur og lægri húsnæðiskostnað og fólk sér þá hag sinn í því að búa í Hjörning en sækja vinnu til Álaborgar. Allt þetta er einnig liður í því að laða til baka ungt fjölskyldufólk sem ólst upp á svæðinu en flutti burt til að afla sér menntunar.

Inari í Finnlandi: Aðdráttarafi á norðurskautinu

Stutt lýsing

Inari er sveitarfélag í nyrst Finnlandi og á landamæri að Noregi og Rússlandi. Sveitarfélagið er það stærsta í Finnlandi og þekur meira en 17.000 km² en íbúar eru innan við 7.000. Mikil fólksfækkun hafði átt sér stað á svæðinu en upp úr 2010 snérist sú þróun við. Náttúran er svo gott sem ósnortin og hefur verið notuð til að auka aðdráttarafi Inari sem búsetuvalkosts en einnig sem stað þar sem gott er að reka fyrirtæki og þróa viðskiptahugmyndir.

Sveitarstjóri Inari segir að sveitarfélagið hafi átt tvo valkosti, annað hvort að einblína á námavinnslu eða ferðaþjónustu. Veturnir séu langir og kaldir og fjarlægðirnar innan sveitarfélagsins miklar, en tekin hafi verið ákvörðun um að nota staðsetninguna á norðurskautinu til þess að búa til sérhæfingu í kuldataækni (e. cold technology) og ferðaþjónustu tengdri einstakri náttúru. Góðar samgöngur (hraðbraut og flugvöllur) eru lykilatriði í þeim árangri sem Inari hefur náð.



Stefnumótun um aukið aðdráttarafi

Sérhæfing í kuldataækni

Fyrirtækið „Test World“ er rekið í Inari. Það nýtir heimskautaloftslagið og hefur gert bæinn að nokkurs konar miðstöð kuldataækni, en virkni og ending dekkja og bíla eru prófuð á svæðinu. Fyrirtækið hefur verið í miklum vexti en fyrirtæki víða að úr heiminum senda vörur sínar til Inari til rannsókna. Þá byggði fyrirtækið fyrstu aðstöðu í heimi þar sem hægt er að gera kuldarannsóknir innanhúss með náttúrulegum snjó, sem er mokað inn að vori til og haldið frosnum fram á haust. Þannig er hægt að stunda rannsóknir allt árið. Staðsetning Inari er einstök upp á þennan iðnað að gera, þar sem þorpið er á heimskautasvæði en vegna Golf-straumsins verður ekki svo kalt að innviðir skemmist. Mögulegir stækkunarmöguleikar eru á sviði veðurrannsókna (þ.e. að kanna hvort búnaður og tæki þoli heimskautaloftslag) og fatahönnunar. Alls eru 28 manns í fastri vinnu hjá fyrirtækinu og fer sú tala upp í 60 yfir háveturinn, þegar mest er að gera.

Áfangastaður ferðamanna

Í gegnum tíðna hafa Finnar verið stærsti einstaki hópur ferðamanna en það breyttist eftir efnahagsþrengingarnar 2008. Þá fóru erlendir ferðamenn að sýna svæðinu meiri áhuga en öflug markaðsherferð á netinu sem og opnun alþjóðaflugvallar í nágrenninu leiddu af sér verulega fjölgun. Inari stefnir að því að verða miðstöð

heimskautaferðamennsku þar sem stílað verður inn á bæði náttúru- og menningartengda ferðaþjónustu. Markmiðið er ekki massi heldur gæði og sérhæfing í vetrarferðaþjónustu, en margt sem er í boði í Inari kannast Íslendingar vel við (t.d. norðurljósa- og snjósleðaferðir). Þá er einnig mikið um hreindýr á svæðinu sem hefur laða að ferðamenn. Þá er Inari miðpunktur samískrar menningar í Finnlandi og hefur sú tenging verið nýtt í því að gera svæðið að spennandi áfangastað.

Samstarf kvenkyns frumkvöðla

Í Inari er starfrækt frumkvöðlanet þar sem kvenkyns frumkvöðlar á svæðinu skiptast á þekkingu og reynslu. Um 50 konur eru virkar í félagsskapnum sem er hluti af landssamtökum sem síðan beita sér fyrir málefnum kvenna í sjálfstæðum atvinnurekstri. Félagið heldur viðburði í samstarfi við skólana á svæðinu með það fyrir augum að kveikja áhuga ungra kvenna á því að gerast frumkvöðlar. Frumkvöðlanetið hefur, með atbeina sveitarfélagsins, haft milligöngu um námskeiðahald sem nýtist frumkvöðlum, og hefur það gengið mjög vel með framförum í samskiptatækni.

Lífsgæði í ósnortinni náttúru, öryggi og afþreyingu

Mikil ánægja ríkir meðal íbúa Inari með flest sem viðkemur búsetu í sveitarfélaginu. Náttúrufegurðin hefur laða að nokkurn fjölda íbúa sem hafa getað flutt vinnuna með sér og eru í fjarvinnu frá stærri borgum Finnlands. Greiðar flugsamgöngur til Helsinkí hafa hjálpað mikið við að laða að þennan hóp. Inari býður upp á annan og hægari lífstíl en er í boði í stærri samfélögum, sem viss hópur fólks sækir í. Þrátt fyrir fámennið er ýmis afþreying í boði fyrir heimamenn tengd menningu og íþróttum, eins og bíó, bókasafn og góð aðstaða til íþróttaiðkunar.


Samantekt

Inari hefur nýtt sérstöðu sína sem þéttbýli á heimsskautinu á mjög árangursríkan hátt með því að laða til sín fyrirtæki í kuldataekni og vetrartengda ferðaþjónustu. Er þetta gott dæmi um hvernig aðstæður, sem gjarnan væru taldar óhagstæðar, eru nýttar samfélaginu til hagsbóta. Góð þjónusta við íbúa er líka hluti af aðdráttaraflí Inari en síðast en ekki síst hafa greiðar samgöngur við höfuðborgina gert það að verkum að Inari hefur náð að nýta sér sérstöðu sína.

Jomala á Álandseyjum: Skilvirk stjórnsýsla sem aðdráttarafl

Stutt lýsing

Jamola er sveitarfélag innan við 10 km frá höfuðborg Álandseyja, Maríuhöfn. Íbúar Jamola eru um 5.000 talsins og dreifast á 32 þorp á 142 km² svæði. Fólksfjöldun hefur verið stöðug undanfarin ár. Heilt yfir eru lífsgæði á Álandseyjum góð, og íbúar frá Finnlandi og Svíþjóð sækja þangað í rólegra líf og nálægð við náttúru. Helsti styrkleiki Jamola, fyrir utan að alþjóðaflugvöllur Álandseyja er staðsettur í sveitarfélaginu, er góð og skilvirk stjórnsýsla sveitarfélagsins. Það hefur gengið hratt að skipuleggja og úthluta lóðum nú þegar aukin eftirspurn er á svæðinu þar sem Maríuhöfn er nánast búin með sitt byggingarland.



Stefnumótun um aukið aðdráttarafl

Skilvirk stjórnsýsla

Jomala hefur nýtt sér smæð sína og straumlínulagað alla stjórnsýslu þar sem ákvarðanir eru teknar eins fljótt og auðið er. Forsvarsmenn Jomala segja að ekki sé víst að slíkt gæti gengið í stærri sveitarfélögum, en sveitarfélagið er rekið svipað og fyrirtæki sem hefur ákveðið að leggja af allar óþarfa stjórnir og stýrihópa. Á sama tíma hefur verið vel haldið á spöðunum í skipulagi lóða og tekist hefur að halda sköttum og fasteignagjöldum lágum. Fjölbreytt húsnæði er í boði og mikil eftirspurn er eftir því. Skilvirknin í stjórnsýslunni hefur þó ekki komið niður á þjónustu við íbúa, þvert á móti er mikil ánægja með mest alla þjónustuna sem sveitarfélagið veitir.

Fjarvinna og frjálslýndi

Fjarvinna er vinsæl í Jamola og þó nokkrir íbúar vinna í gegnum netið frá Svíþjóð eða Finnlandi. Þá gagnast nálægðin við Maríuhöfn einnig í því að þó nokkrir íbúar flytja til Jomala en halda vinnu sinni í borginni og vinna í blandaðri stað- og fjarvinnu, nokkra daga í viku heima og nokkra daga í Maríuhöfn. Allar Álandseyjar eru tengdar háhraða interneti sem hefur greitt fyrir þessari þróun. Þá er frumkvöðlaandi nú þegar til staðar á svæðinu og mörg störf eru tengd litlum fyrirtækjum. Þá eru Álandseyjar mjög opið samfélag gagnvart innflytjendum og nýbúum, en þeir hafa að mestu keyrt áfram þá miklu fólksfjöldun sem hefur verið á svæðinu.

Samantekt

Mikil fjölgun íbúa og starfa hefur orðið í Jamala undanfarin ár og er þessi árangur eignaður skilvirkri stjórnsýslu og nálægð við höfuðborgina þar sem margir íbúar starfa. Helsta áskorunin er að ná aftur ungu fólki sem hefur flutt af svæðinu.

Klaksvík í Færeyjum: Vaxtaráætlun mótuð af almenningi



Stutt lýsing

Klaksvík er 6.000 manna bæjarfélag norðarlega í Færeyjum.

Efnahagslífið á svæðinu fór illa út úr kreppunni 2008 og störfum og fólki fækkaði, auk þess sem hlutfall karla og kvenna skekkist mjög, þar sem konurnar fluttu burt en karlarnir urðu eftir. Tekist hefur að snúa þessari þróun við og að undanförunu hefur verið fólksfjölgun í Klaksvík.

Stærstur hluti starfa eru opinber störf á vegum ríkis og sveitarfélags og sjávarútvegur þar á eftir. Reynt hefur verið að skjóta fleiri stoðum

undir efnahagslífið á svæðinu og að auka aðdráttarafl Klaksvíkur með svokallaðri vaxtaráætlun (e. growth plan) sem gefin var út árið 2010. Vaxtaráætlunin var samin í samráði við íbúa og tók mið af greiningum á stöðu efnahagslífsins á svæðinu og framþróun þess, breytingum á lýðfræði sveitarfélagsins og stefnumótun um aukið aðdráttarafl Klaksvíkur, bæði fyrir núverandi íbúa og áhugasama.

Stefnumótun um aukið aðdráttarafl

Vaxtaráætlun mótuð af almenningi

Í kjölfar kreppunnar 2008 var farið í þá vinnu að auka aðdráttarafl Klaksvíkur fyrir fólk og fyrirtæki, með það fyrir augum að ná aftur fyrri íbúafjölda. Íbúar voru fengnir að borðinu með rýnihópavinnu, og var niðurstaðan sú að blása til sóknar á þremur sviðum; 1) með því að búa til svokallað reynsluhagkerfi (e. experience economy), 2) auka framboð á leiguhúsnæði og fjölbýli til að gera húsnæðisverð viðráðanlegra og 3) ráðast í sérstakar aðgerðir til að gera Klaksvík aðlaðandi fyrir námsmenn, ungar fjölskyldur og ungt fólk sem er að snúa heim til Færeyja eftir nám.

Reynsluhagkerfið

Hið svokallaða reynsluhagkerfi í Klaksvík er svar við ákalli sem kom fram í rýnihópum sem tóku þátt í vaxtaráætluninni um að skortur væri á menningu og „upplifun“ í bænum. Frumkvöðlar á svæðinu starfa því með sveitarfélaginu undir merkjum reynsluhagkerfisins og standa fyrir viðburðum og hátíðum sem laða að ferðamenn. Þá er áhersla á að góð aðstaða sé til íþróttaiðkunar. Þetta hefur gert það að verkum að fleiri kaffihús og veitingastaðir hafa opnað á svæðinu, sem aftur hefur gagnast heimamönnum og stutt við félagslíf í bænum. Því má segja að sérstaklega sé lagt upp úr menningu og félagslífi sem hluta af aðdráttarafli Klaksvíkur.

Unga fólkíð heim

Ráðist hefur verið í sérstakar aðgerðir til þess að fá ungt fólk aftur heim úr námi, en almennt er það mikið vandamál að ungir Færeyingar snúa ekki aftur heim. Fulltrúar sveitarfélagsins héldu fundi í stærri borgum og bæjum Danmerkur til að vekja athygli á atvinnutækifærum í Klaksvík og skipulagðir voru viðburðir sem fóru fram í skólafríum þar sem meðal annars var hægt að eiga samtál við atvinnurekendur í bænum. Þá var búið til „stefnumótaforrit“ (á landsvísu) þar sem ungt fólk og fyrirtæki gátu „parað sig saman“ (e. match).

Átak í leiguhúsnæði og minni eignir

Ein af niðurstöðum úr rýnihópum fyrir vaxtaráætlunina var sú að ákveðin breyting hefði orðið á færeyskri menningu í þá átt að fólk, þá sérstaklega ungt fólk, legði ekki lengur eins mikla áherslu og áður á að búa í sínu eigin einbýli. Í dag fari stór hluti ungra Færeyinga utan í nám, þá helst til Danmerkur, og vilji frekar geta leigt sér minna húsnæði á viðráðanlegu verði en að byggja sjálfir stórt einbýlishús. Klaksvík vildi því ná forskoti á þessa þróun með því að geta boðið húsnæði af þessari gerð, og þannig mögulega laðað ungt fólk sem er á leið heim úr námi í bæinn, jafnvel fólk sem ekki ólst upp í Klaksvík. Sveitarfélagið hefur því farið í samstarf við verktaka um að auka framboð á fjölbreyttu húsnæði, bæði til leigu og kaups.

Samantekt

Aðkoma almennings hefur verið ríkur þáttur í uppbyggingarstarfinu í Klaksvík. Það hefur gert það að verkum að íbúum finnst þeir eiga hlut í vaxtarplaninu og njóta afraksturs þess, til dæmis með því að geta notið reynsluhagkerfisins sem hannað er til þess að nýtast ferðamönnum en einnig fólkinu sem býr á svæðinu. Þá hefur sú ákvörðun sveitarfélagsins að vera á „undan“ í þeirri þróun sem hafði orðið í viðhorfum til búsetuforms gagnast vel. Ungir Færeyingar koma gjarnan heim frá námi erlendis og hafa þar kynnst því að búa í minni leiguíbúðum, sem eru af skornum skammti í Færeyjum. Klaksvík fór í átak til að byggja fjölbýlishús til útleigu og hefur það aukið aðdráttarafl sveitarfélagsins verulega.

Lebesby í Noregi: Íbúafrumkvæði og sveigjanlegt framhaldsskólanám



Stutt lýsing

Lebesby í Finnörku, nyrst í Noregi, er eitt stærsta sveitarfélag landsins að flatarmáli (3.462 km²) en jafnframt með þeim fámennari, en þar búa 1.312 íbúar sem dreifast á nokkur þorp. Stærst þeirra er Lebesby sem sveitarfélagið dregur nafn sitt af. Íbúafjöldi hefur haldist stöðugur en íbúarnir eldast

og fæðingartíðni er lág, auk þess sem þar búa fleiri karlar en konur. Um 15% íbúanna eru innflytjendur, sem flestir vinna í sjávarútvegi eða fiskeldi á svæðinu. Fábreytni og árstíðarsveiflur í atvinnulífi eru áskorun fyrir Lebesby. Minna framboð er af opinberum störfum og störfum í velferðarþjónustu í Lebesby en almennt gengur og gerist í Noregi, sem gerir það að verkum að margar konur finna ekki störf við sitt hæfi. Einnig er lítið framboð af störfum fyrir fólk með sérfræðimenntun.

Stefnumótun um aukið aðdráttarafl

Frumkvæði íbúa að samfélagsverkefnum

Mikil hefð er fyrir sjálfbóðaliðastarfi og félagsstarfi í Lebesby og hefur þar verið ákveðið leiðarstef að nýta þann kraft í íbúunum. Sveitarfélagið leggur línurnar „að ofan“ en lögð hefur verið áhersla á frumkvæði íbúanna að verkefnum sem taka mið af því að auka aðdráttarafl Lebesby. Þannig er grasrótin virkjuð með í verkefninu. Þar á meðal eru bæjarhátíðir og viðburðir eins og Skábma-hátíðin sem snýst um samíska menningu og heimsskautið, Nordkyn vetrarhátíðin sem snýst um vetraríþróttaiðkun fjölskyldna, Chrisfestival tónlistarhátíð o.s.frv. Á bak við flesta þessa viðburði standa metnaðarfullir áhugamenn (norska: ildsjeler, „eldhugar“) sem verja mikilli orku í þágu samfélagsins.

LOSA módelið um framhaldsskólamenntun

Menntunarstig er nokkuð lægra í Lebesby en almennt gengur og gerist í Noregi. Miklar fjarlægðir í Finnörku og mikið fámenni gerðu það að verkum að leita þurfti nýrra lausna til að auðvelda ungu fólki að mennta sig. Sveitarfélagið, fylkisstjórnin og fyrirtæki á svæðinu starfa nú saman að hinu svokallaða LOSA-módeli um

framhaldsskólamenntun (LOSA stendur fyrir Lokal opplæring í samarbeið med arbeiðslivet eða staðbundin þjálfun í samstarfi við atvinnulífið). Í LOSA-módelinu klára nemendur fyrsta árið í framhaldsskóla í heimabyggð í gegnum fjarnámsmiðstöðvar á hverjum stað, en námið er skipulagt af menntaskólanum í Honningsvåg og tækniskólanum í Nordkapp. Þó bóknámið sé í grunninn fjarnám þá er lagt upp úr aðhaldi og stuðningi við hvern nemanda. Hinn hluti námsins er starfsnám sem hægt er að taka hjá fyrirtækjunum á svæðinu. Einingarnar úr starfsnáminu jafngilda allt að heilu skólaári. Þetta samstarf við fyrirtæki á svæðinu þykir skapa sterkari tengingu meðal nemenda við sitt heimasvæði og beinir sjónum þeirra að tækifærum á svæðinu. Þar að auki stendur starfsfólki fyrirtækja á svæðinu, aðallega í sjávarútvegi og fiskeldi, til boða að taka diplómu í sínu fagi í gegnum LOSA-módelið og fá starfsreynslu metna inn í námið. Hjá flestum fyrirtækjunum leiðir slík diplóma til launahækkunar en fyrst og fremst er gildi hennar táknaert fyrir einstaklinginn þar sem hæfni hans í starfi er viðurkennd.


Samantekt

Í Lebesby hefur lengi verið hefð fyrir grasrótastarfi og hefur sveitarfélagið hagnýtt þá hefð með því að styrkja íbúa til að halda úti samfélagsverkefnum sem auka aðdráttarafl svæðisins. Með þessu er fjárfest í fólkinu á svæðinu, sem hefur tengingar og mikla þekkingu á samfélaginu. Þessir „sprotar“ hafa leitt af sér ýmislegt sem hefur styrkt samfélagið, til dæmis hátíðir og viðburði sem trekkja að ferðamenn og nýja íbúa. Þá hefur samstarf opinberra aðila og fyrirtækja á svæðinu um fjarnám og starfsnám aukið aðgengi að menntun og sömuleiðis gagnast atvinnulífinu á svæðinu.

Närpes í Finnlandi: Inngilding og grænn vöxtur

Stutt lýsing

Närpes er 970 km² sveitarfélag í héraðinu Ostrobothnia á vesturströnd Finnlands. Af um 10.000 íbúum hafa um 80% sænsku að móðurmáli. Bærinn Närpes er miðstöð sveitarfélagsins en níu minni bæir og þorp eru í sveitarfélaginu, sem liggja bæði að sjó og inni í landi. Næsta borg er Vaasa, sem er í um 80 km fjarlægð. Atvinnuþátttaka er með hæsta móti í Närpes og atvinnuleysi með því minnsta sem þekkest í Finnlandi. Nokkrir þættir hafa verið nefndir sem ástæða fyrir þessari jákvæðu þróun, þar á meðal sérstök áætlun um móttöku innflytjenda, skólakerfi sem býður upp á starfsnám og iðnnám sem bæði gagnast ungu fólki á svæðinu og innflytjendum og góðar aðstæður til þess að stofna fyrirtæki, sérstaklega þegar kemur að ylrækt.



Stefnumótun um aukið aðdráttarafi

Gott framboð á sveigjanlegu námi

Í Närpes er útibú frá lðn- og tækniskóla Ostrobothnia. Boðið er upp á nám í vörustjórnun, járnsmíði, húsasmíði, stjórnun, tölvunarfræði og svo framvegis. Nemendur geta innritað sig í nám allt árið og hver nemandi er með einstaklingsbundna námsáætlun. Námið tekur alla jafna þrjú ár og af því er einu ári varið í starfsnám hjá fyrirtæki á svæðinu. Um helmingur nemenda er orðinn fullorðinn og búist við því að það hlutfall muni hækka. Um fjórðungur nemenda eru innflytjendur og skólinn gegnir því mikilvægu hlutverki í því að koma þeim inn í samfélagið og vinnumarkaðinn á svæðinu. Sem dæmi ákvað skólinn að bregðast við brýnni þörf hjá fyrirtækjum á svæðinu fyrir menntaða blikksmiði með því að hanna sérstaka hraðbraut fyrir innflytjendur sem enn höfðu ekki tileinkað sér nógu góða sænsku til að fara í hefðbundið nám. Finnska ríkið slakaði á kröfum um það á hvaða tungumáli kennsla færi fram og á hraðbrautinni fór kennsla fram á ensku og með hjálp túlka. Þrjátíu nemendur kláruðu námið og gengu beint inn í vel launuð störf á svæðinu.

Närpes-módelið um inngildingu innflytjenda

Närpes hefur tekið á móti þó nokkrum fjölda flóttamanna allt frá því á áttunda áratug síðustu aldar. Frá upphafi var lögð áhersla á kerfisbundna inngildingu þeirra inn í samfélagið, til dæmis með því að dreifa börnunum á sem flesta skóla og hvetja foreldra þeirra til þess að taka þátt í félagslífinu í gegnum foreldrastarf skólanna. Móttaka flóttamannanna lagði grunninn að móttöku innflytjenda síðar meir, en um 14% íbúa eru nú af erlendu bergi brotnir. Lögð er mikil áhersla á að börn innflytjenda hafi greiðan aðgang að félags- og tómstundastarfi til jafns við önnur börn og að hluti starfsfólks í skólum og frístundaúrræðum sé einnig frá öðrum menningarsvæðum. Starfsfólk sækir reglulega endurmenntun og námskeið um hvernig eigi að nálgast fjölmenningu í skólakerfinu. Börnum innflytjenda sem flytjast til Närpes er boðið að taka fyrsta árið alfarið í sænsku-kennslu og fara svo inn í hefðbundna stundatöflu. Hefur þetta þótt gefa góða raun. Fyrir utan aðgerðir í skólakerfinu er einnig starfandi sérstök móttökuskrifstofa innflytjenda þar sem innflytjendur geta fengið ráðgjöf um allt sem tengist finnsku samfélagi, námskeið í boði og svo framvegis.

Sérhæfing í ylrækt

Ylrækt er ein stærsta atvinnugreinin í Närpes en um 130 gróðurhús eru í sveitarfélaginu sem hituð eruð með jarðhita á svæðinu. Bændur í Närpes stofnuðu samvinnufélag utan um grænmetisrækt árið 1957 sem er enn starfandi. Samvinnufélagið er nú í eigu 37 bænda sem margir hverjir eru annarrar eða þriðju kynslóðar ylræktarbændur. Engin samkeppni er því á milli bændanna sem selja allar afurðirnar inn í samvinnufélagið sem síðan selur þær á mörkuðum í Finnlandi. Um 85% allra tómata sem neytt er í Finnlandi koma frá Närpes og um 65% agúrka. Þetta stóra markaðshlutfall má að hluta til rekja til mikils markaðsátaks sem farið var í fyrir nokkrum árum síðan, þar sem í fyrsta sinn var reynt að búa til vörumerkið „Närpes“ og tengja það við lífræna ræktun. Flestir sem starfa í ylræktinni eru innflytjendur, en störfín í gróðurhúsunum þykja vel launuð miðað við að flest þeirra krefjast ekki mikillar menntunar. Närpes er gott dæmi um samfélag þar sem hefur þróast sérhæfing í iðnaði sem á aðeins eftir að verða mikilvægari og arðbærari eftir því sem tíminn líður, en eftirspurn eftir innlendu grænmeti í Finnlandi á aðeins eftir að aukast í takt við breyttar áherslur hvað varðar lýðheilsu og umhverfisvernd.

Samantekt

Einn helsti styrkleiki Närpes sem samfélags er hve vel sveitarfélagið hefur náð utan um móttöku innflytjenda og fólks á flóttu. Ákveðin hefð virðist hafa myndast í samfélaginu um inngildingu og frjálslyndi og ákveðinni aðferðafræði er beitt sem tryggir samgang og aðlögun heimamanna og nýbúa. Sveigjanlegt nám og aðgengi að símenntun sér atvinnulífinu fyrir vel menntuðu starfsfólki og í boði er fyrir innflytjendur að fara í iðnnám á sínu tungumáli og læra sænsku í kjölfarið. Þá er Närpes einnig dæmi um svæði sem hefur náð að skapa vörumerki utan um sig og tengja við hágæðavörur í grænmetisframleiðslu.

Pietå í Svíþjóð: Aðgerðir til að laða ungt fólk aftur heim

Stutt lýsing

Pietå er 42.000 manna sveitarfélag í norður Svíþjóð sem liggur að Eystrasalti. Rúmlega helmingur býr í bænum Pietå og hinn helmingurinn í minni bæjum og dreifbýli á um 4.460 km² svæði. Vinnumarkaðurinn er fjölbreyttur og engin ein atvinnugrein ber höfuð og herðar yfir aðrar, nema helst skógarhögg sem hefur verið stundað um aldir og pappírsmaleiðsla er því sömuleiðis öflugur iðnaður. Aðrar atvinnugreinar eru meðal annars sjávarútvegur, landbúnaður og vindorka.

Stefnumótun um aukið aðdráttarafl

Ungt fólk laðað aftur heim

Pietå vinnur markvisst að því að laða nýbúa að svæðinu, en einn helsti markhópurinn eru þó brottfluttir heimamenn. Ein ástæða þess er meðal annars sú að hið kalda loftslag norðarlega í Svíþjóð höfðar ekki til allra, en þau sem hafa áður búið við slíkar aðstæður telja það kannski síður eftir sér. Pietå stendur, ásamt öðrum sveitarfélögum í norður Svíþjóð, fyrir árlegri hátíð í Stokkhólmi þar sem atvinnutækifærin, lífsgæðin og húsnæðisframboð fyrir norðan eru kynnt. Hátíðin ber yfirskriftina Hemlä, eða Heimþrá. Sérstakt boð er sent á brottflutta sem búa í Stokkhólmi og þeim boðið að mæta. Aðrar aðgerðir sem hefur verið farið í til að ýta undir tengsl brottflutts ungs fólks af svæðinu er að veita styrki fyrir ferðakostnaði. Sveitarfélagið greiðir allt að 80% kostnaðar nemenda við það að nýta almenningsamgöngur til að komast heim í helgarfrí eða í öðrum fríum. Með þessu er vonin að þetta unga fólk viðhaldi tengslum við Pietå og svæðið verði því ofar í huga þegar námi lýkur. Ekki er enn búið að greina sérstaklega árangurinn af þessari aðgerð en litið er á hana sem langtímafjárfestingu í hugum og hjörtum unga fólksins.

Sterkur staðarandi

Pietå er þekkt fyrir sterkan staðaranda og mikið stolt íbúa vegna uppruna síns. Hefur þetta meðal annars verið rakið til þess að Pietå er næst stærsti bærinn í héraðinu sem þykir ýta undir vilja til að standa á eigin fótum. Þessi öflugi staðarandi og stolt hefur þótt vera hluti af aðdráttarafla Pietå og nýttist í því að laða fyrrum íbúa aftur heim.



Samantekt

Það sem er áhugaverðast í aðdráttaraflsvinnu Pietå er áherslan á að ná til baka ungu fólki sem hefur flutt af svæðinu. Það er bæði gert með „fyrirbyggjandi“ aðgerðum, þ.e. að styrkja námsmenn til að koma heim í fríum, en einnig með því að vekja athygli brottfluttra á tækifærum heima í héraði. Vonin er að þessar aðgerðir styrki taugar til heimahaganna og auki líkurnar á að fleiri flytji aftur heim.

Vágur í Færeyjum: Breytt ímynd

Stutt lýsing

Vágur er 1.400 manna bær á Suðurey í Færeyjum. Helstu atvinnuvegir eru sjávarútvegur, fiskvinnsla, vöruflutningar og mannvirkjagerð. Vágur er eina sveitarfélagið á Suðurey þar sem hefur verið íbúafjölgun á undanförunum árum. Frá 2004 og fram til 2012 hafði hinsvegar verið fólksfækkun og hnignun í atvinnulífi. Ákveðið forystuleysi hafði einkennt samfélagið og óljóst var hvert stefna skyldi. Árið 2012 settist ný bæjarstjórn niður og setti á blað fjórar spurningar sem samfélagið ætti að svara; 1) Hvert eigum við að stefna í framtíðinni?, 2) Hvaða gildi eru okkur mikilvæg?, 3) Hvernig náum við að byggja staðarandann upp aftur? og 4) Hvernig getum við umbreytt vanmætti yfir í stolt? Í kjölfarið varð viðsnúningur sem er meðal annars rakinn til markvissrar vinnu við að efla aðdráttarafli staðarins, sem hefur falist í eflingu staðaranda, bættri ímynd og stofnun íþróttafrahaldsskóla.



Stefnumótun um aukið aðdráttarafli

Aukið aðdráttarafli með bættri ímynd og betri staðaranda

Frá 2004 til 2012 einkenndist umfjöllun um Vág í fjölmiðlum af mikilli neikvæðni. Fjallað var um hnignun, lokun fyrirtækja og ýmsar deilur sem áttu sér stað í bænum. Í ofanálág höfðu íbúar að mörgu leyti slæma sjálfsmýnd og nánast afsökuðu sig fyrir að búa ennþá í Vági. Samkvæmt Dennis Holm, þá bæjarstjóra Vágs, er fyrsta skrefið í uppbyggingu jákvæðrar ytri ímyndar að búa til jákvæða innri ímynd. Þar verði að byrja á litlu hlutunum, eins og að búa til góðar, sameiginlegar minningar í samfélaginu í gegnum viðburði. Þar á meðal má nefna sameiginlega morgunverði þar sem öllum bænum er boðið, hreinsunardaga og brennur. Þá telur Holm einnig að það sé mikilvægt að umhverfið lítil vel út svo íbúum finnst þeir búa í snyrtilegum bæ. Farið var í átak í því að gera upp hús og fegra göturnar.

Í kjölfarið var einnig farið í átak til að bæta ytri ímynd Vágs. Til að sporna við neikvæðum fréttatilkynningu úr bænum var sett markmið um að bærinn myndi senda frá sér eina jákvæða fréttatilkynningu á tveggja vikna fresti. Var þar leitast við að vekja athygli á því sem vel gekk í atvinnulífi og samfélagi. Árangurinn var að jákvæðar fréttir fóru að birtast í fjölmiðlum um Vág og þykir nú duga að senda út eina tilkynningu í mánuði – en jákvæðu fréttirnar halda áfram að birtast og virðast hafa seintast inn í huga fólks. Mun meiri jákvæðni gætir nú í garð Vágs en áður.

Stofnun íþróttalýðháskóla

Vágur var fyrr á tíð eitt helsta sjávarpláss Færeyja og var þar einnig ein stærsta fiskvinnsla í landinu. Nú eru aðeins 20-25 ársstörf í sjávarútvegi í plássinu. Þessi mikla umbreyting hefur gert það að verkum að margt fólk með litla menntun, sem hafði áður unnið í greinum tengdum sjávarútvegi, flutti frá Vági og hefur ekki snúið aftur þrátt fyrir bætt efnahagsástand. Nokkur uppgangur hefur verið í ferðaþjónustu, en hótél, veitingastaðir og kaffihús hafa skotið upp kollinum auk þess sem byggingariðnaðurinn hefur tekið við sér. Mesta nýbreytnin í atvinnulífi og samfélagi Vágs er þó án efa stofnun íþróttalýðháskóla árið 2016. Skólinn býður upp á lengri og styttri námskeið í handbolta, fótbolta, sundi og útivist. Vinsældir skólans hafa farið fram úr væntingum og stendur rekstur hans nú sterkum stoðum. Ungt fólk frá hinum Norðurlöndunum er jafnvel byrjað að sækja í skólann. Kennarar sem hafa flutt í Vág til að kenna í skólanum hafa einnig komið upp ferðaþjónustu á sumrin í tengslum við útivist, kajak, fjallgöngur og svo framvegis.

Samantekt

Í sinni aðdráttarflsvinnu fór Vágur alveg í grunninn og vann með jákvæða innri ímynd sveitarfélagsins, það er að ýta undir samheldni og samveru í samfélaginu og farið var í átak í ásýnd bæjarins – ekki endilega með það fyrir augum að laða að ferðamenn heldur fylla heimamenn stolti yfir því að búa í hreinum og vel útlítandi bæ. Í kjölfarið var farið í það að bæta ytri ímynd Vágs, meðal annars með því að senda út fréttir af jákvæðum hlutum sem gerðust í kjölfar þess að staðarandinn fór að lyftast. Stofnun íþróttalýðháskóla á svæðinu var einnig lyftistöng fyrir samfélagið og kom Vági á kortið hjá ungu fólki á Norðurlöndunum.

Samantekt

Úrræði	Fjöldi	Þjónusta	Frumframleiðsla	>100 km fjarlægð frá höfuðborg	Fyrri hnignun snúið við
Bæjarhátíðir og viðburðir	3	Borgundarh., Klaksvík	Klaksvík, Lebesby	Klaksvík	Lebesby, Klaksvík
Bætt ásýnd	1	Vágur	Vágur	Vágur	Vágur
Fjarvinna	3	Borgundarh., Jomala	Inari	Jomala	Borgundarh., Inari
Frumkvöðlaandi	5	Alvdal, Borgundarh., Jomala	Alvdal, Inari, Närpes	Jomala	Borgundarh.,
Inngilding innflytjenda og fjölmennung	1		Närpes		
Jákvæð fjölmiðlaumfjöllun	1	Vágur	Vágur	Vágur	Vágur
Leigumarkaður	1	Klaksvík	Klaksvík	Klaksvík	Klaksvík
Lýðháskóli	1	Vágur	Vágur	Vágur	Vágur
Minni samfélagsviðburðir	2	Vágur	Lebesby, Vágur	Vágur	Lebesby, Vágur
Ósnortin náttúra	3	Borgundarh., Hjörning,	Hjörning, Inarii		Borgundarh., Inari
Reynsluhagkerfi	1	Klaksvík	Klaksvík	Klaksvík	Klaksvík
Símenntun og sveigjanlegt nám	3	Alvdal,	Alvdal, Lebesby, Närpes		Lebesby
Sjálfbærni	1	Borgundarh.			Borgundarh.
Skilvirk stjórnsýsla	1	Jomala		Jomala	
Staðarandi	2	Vágur	Piteå, Vágur		Piteå
Unga fólkið aftur heim	3	Hjörning, Klaksvík	Hjörning, Klaksvík, Piteå	Klaksvík	Hjörning, Klaksvík, Piteå
Vörumerki	2	Borgundarh.	Närpes		Borgundarh.
Ylrækt og jarðhiti	1		Närpes		
Ytri ímynd	2	Borgundarh., Vágur	Vágur	Vágur	Vágur

Heimildir

Nordregio (2020). Attractive rural municipalities in the Nordic countries: Jobs, people and reasons for success from 14 case studies. doi.org/10.6027/R2020:1.1403-2503

Niedomysl (2010). Towards a conceptual framework of place attractiveness: a migration perspective. *Geografiska Annaler: Series B, Human Geography*, 92(1), 97-109. Doi: 10.1111/j.1468-0467.2010.00335.x

Vífill Karlsson. (2021). On communities size and remoteness: The attractiveness of small and remote communities in Iceland compared to the larger and more central ones. *Australasian Journal of Regional Studies*, 1(27), 113-144.

Vífill Karlsson og Bjarki Þór Grönfeldt. (2023). On local communities' size and attractiveness: The role of environmental issues in attractiveness of local communities in Iceland. [Handrit í ritrýningarferli].

Vífill Karlsson og Kolfinna Jóhannesdóttir. (2010). Búferlaflutningar kvenna. Í Ingjaldur Hannibalsson. (ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum XI*. (235-242). https://ssv.is/wp-content/uploads/2016/09/235-242_VifillKarlsson_KolfinnaJohannesd_VIDbok.pdf



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY